

Kennsluáætlun í smíðum skólaárið 2023-2024

1. - 4. bekkur

Kennari: Viktor Páll Magnússon

Verkgreinakennsla í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Áherslurnar fyrir smíðar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera smíðar og hönnun að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Námsmat: Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Handverk

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefninu á öruggan hátt.
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

Hönnun og tækni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.
- Framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

Umhverfi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla